

Seltjarnarnesbær
Skólanefnd
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnesi

Reykjavík, 11. apríl 2008.

Erindi til fyrirtöku á skólanefndarfundi þann 16. apríl nk.:

Efni: Tryggingamál nemenda og kennara.

Á síðustu vikum hefur nokkur umræða skapast um tryggingamál skólans, bæði hvað varðar skólann almennt, kennara og ekki síst nemendur í skólanum. Foreldraráð og foreldrafélag skólans hefur rætt þessi mál á þessum vettvangi og einhver umræða hefur farið fram hjá landssamtökum foreldra, Heimili og skóla, sbr. fréttatilkynningu á vef þeirra frá 17. mars sl.

Foreldraráð óskar eftir því við skólanefnd að hún hlutist til um að gerð verði úttekt á tryggingamálum skólans í þeim tilgangi að upplýsa starfsfólk og foreldra um réttarstöðu þeirra í tryggingamálum. Í slíkri úttekt þyrfti að koma fram úttekt á því hver ábyrgð nemenda og foreldra eru þegar upp koma atvik í skóla, hver réttarstaða aðila, bæði kennara, nemenda og foreldra er í dag og hvaða möguleikar standa fólki og/eða skólanum til boða til að auka öryggi sitt og festu í tryggingamálum.

Foreldraráð telur mikilvægt að þessum upplýsingum sé safnað saman af sérfróðum aðilum og hafðar aðgengilegar fyrir alla aðila og allir geti þannig kynnt sér réttarstöðu sína með einföldum hætti og þá kosti sem í boði eru til af hálfu tryggingarfélaga.

Virðingarfyllt,

F.h. Foreldraráðs Grunnskóla Seltjarnarness
Birna Helgadóttir, form.